

1509044

Rósa Sif Jónsdóttir

Frá: Ásta Stefánsdóttir **Sent:** 8.9.2015 09:05:44
Til: Signý Harpa Hjartardóttir
CC:
BCC
Efni: FW: Beiðni frá stjórn Samtaka dagforeldra á Suðurlandi
Viðhengi:
Málsnúmer: 1509044

From: Hrönn Bjarnadóttir [mailto:hronnbjarna@hotmail.com]
Sent: 7. september 2015 16:15
To: Ásta Stefánsdóttir
Subject: Beiðni frá stjórn Samtaka dagforeldra á Suðurlandi

Kæra bæjarráð,

Þar sem slys varð á barni í daggæslu í umsjón dagforeldris í Samtökum dagforeldra á Suðurlandi (SDS) sl. vetur, þ.e barnið brenndist illa, þá hefur komið í ljós að skyldutrygging samtakanna dekkar ekki svona slys. Foreldrar eru reiðir og krefjast betri trygginga. Stjórn Samtakanna hefur kynnt sér ábyrgðartryggingar hjá Tryggingafélögunum, sem er það sem þarf að bæta við skyldutrygginguna. Staðan er hins vegar sú að félagar í samtökum dagforeldra á Suðurlandi eru einungis 14 talsins og árgjaldið er 10.000 kr. (sem er sambærilegt við árgjald annarra félaga sem dagforeldrar eru í t.d. á höfuðborgarsvæðinu) og nær varla að dekkja slysa- og ábyrgðartryggingu en hún er á bilinu 138.000 til 190.000 krónur. Dagforeldrar þurfa að greiða alla sína endurmenntun og námskeið sjálfir t.d skyndihjálp og fl. og það er dýrt. Okkur langar því að fara fram á að bæjarfélagið veiti Samtökum dagforeldra árlegan styrk að upphæð 100,000 kr. að lágmarki. Það myndi hjálpa félaginu mikið því annars þarf mjög líklega að leggja það niður og dagforeldrar á Suðurlandi þyrftu að ganga í önnur félög í öðrum bæjarfélögum og það finnst okkur í stjórninni mjög slæmt, það á að geta verið félag fyrir dagforeldra hér á Suðurlandi. Sem dæmi má taka að í félaginu hjá okkur eru dagforeldrar í Vestmannaeyjum og bæjarfélagið þar styrkti hvert dagforeldri um 125.000 kr. nú í haust. Þetta væri líka eitthvað sem bæjarfélagið í Árborg gæti athugað þar sem skortur hefur verið á dagforeldrum og engar umsóknir hafa borist frá fólki um að gerast dagforeldri þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Með ósk um skjót viðbrögð og von um hjálpi við að halda starfsemi félagsins okkar gangandi.

Fyrir hönd stjórnar SDS,

Kristrún Ásgeirsdóttir
Formaður SDS